



Gjaldskrá og reglur fyrir mötuneyti Hvolsskóla 2022

1. gr.

Foreldrar/ forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu mötuneytis Hvolsskóla þurfa að skrá börn sín í mötuneytið hjá ritara skólans. Starfsmenn Hvolsskóla skulu skrá sig í mötuneytið hjá ritara skólans. Tilkynning um úrsögn úr áskrift að mötuneyti þarf að berast til ritara fyrir 15. dag mánaðar og tekur hún þá gildi frá og með næstu mánaðarmótum. Úrsögn vegna barns þarf að berast frá foreldri eða forráðamanni.

2. gr.

Fyrir hverja máltíð í áskrift að mötuneyti greiðir nemandi kr. 495.- Þurfi nemandi að fá mat án þess að vera skráður í mötuneyti kostar máltíðin kr. 1.515.- en slíkar máltíðir skal panta hjá ritara skólans. Fyrir hverja máltíð í áskrift að mötuneyti greiða kennarar og aðrir starfsmenn kr. 535,- Gjald fyrir staka máltíð kennara og annarra starfsmanna er kr. 1.515,- nemendur, kennarar og aðrir starfsmann þurfa að skrá sig hjá ritara í stakar máltíðir fyrir kl. 10 að morgni. Hægt er að vera í áskrift einn til fimm daga vikunnar, en alltaf sömu vikudaga. Matarverð er endurskoðað um hver áramót og gefin út ný gjaldskrá.

3. gr.

Rangárþing eystra sendir greiðsluseðil vegna mötuneytisgjalda mánaðarlega. Fyrir áskrift 5 daga vikunnar eru rukkaðar 170 máltíðir á hverju skólaári. Deilist fjöldinn niður á 9 mánuði (september til maí). Gjald fyrir mötuneyti er greitt eftir á og er gjalddagi síðasti dagur mánaðarins sem rukkað er fyrir. Gjalddagi er síðasti dagur mánaðar og eindagi 15. dagur næsta mánaðar. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög nr. um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr

Ekki eru veittir afslættir af mat og hressingu og ekki er dregið frá fæðiskostnaði vegna tilfallandi fjarveru úr skólanum sem varir skemur en viku samfellt.

Umsjónarmaður í mötuneyti heldur dagbók yfir þá sem nýta mötuneytið.

5. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2022.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 9. desember 2021

Lilja Einarsdóttir,

sveitarstjóri Rangárþings eystra